

Reykjavík, 01.09.2018

MS-félag Íslands 50 ára

Efni: Beiðni um stuðning við framkvæmdir á húsnæði félagsins að Sléttuvegi 5

Í tilefni hálftrar aldar afmælis MS-félagsins 20. september nk. hefur félagið hug á að fara í aðkallandi framkvæmdir á húsnæði félagsins. Húsnæðið hýsir skrifstofu félagsins og MS Setrið sem er dagvist. Þangað sækja 40 einstaklingar á dag. Í Setrinu er ekki aðeins fólk með MS-sjúkdóminn heldur er þar einnig fólk með aðra taugasjúkdóma, svo sem Parkinson og MND en einnig fólk í endurhæfingu eftir heilablóðfall eða aðra sjúkdóma og slys. Í Setrinu er boðið upp á umönnun, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, félagsráðgjöf og aðra þjónustu.

Í tímanna rás breytast þarfir og hjálpartæki skjólstæðinga okkar og því fylgir að breikka þarf hurðir og breyta rýmum. Ennfremur er mikilvægt að ná til í auknu mæli til ungs fólks með MS og eru breytingar á húsnæði mikilvægur liður í því.

Framkvæmdirnar sem eru mest aðkallandi fela í sér að skipta út hurð fyrir rennihurð til að bæta aðgengi að palli sem er við húsið og mikið notaður. Einnig er orðið aðkallandi að bæta skrifstofuaðstöðu félagsins, breyta fundarherbergi og útbúa viðtalsherbergi fyrir félagsráðgjafa og sálfræðing. Leitað var tilboða hjá nokkrum aðilum sem unnið hafa fyrir félagið í gegnum árin, þekkja húsnæðið og þarfirnar og hafa reynst félaginu vel.

Félagið þurft að reiða sig á styrki og gjafmildi samfélagsins í gegnum tíðina. Hér með er því óskað eftir styrk að fjárhæð **200.000** kr. til að fjármagna framkvæmdirnar eða önnur upphæð sem hentar betur að láta af hendi.

Sé mögulegt að verða við beiðni félagsins, vinsamlegast leggið styrkfjárhæðina inn á reikning **0115-26-102713** kt. **520279-0169** og merkt framkvæmdarstyrkur. Pakkarbréf með kvittun verður sent um hæl.

Um 700 manns eru greindir með MS-sjúkdóminn á Íslandi og að meðaltali greinist ein manneskja á tveggja vikna fresti. MS-sjúkdómurinn er ólæknanlegur taugasjúkdómur sem getur valdið tímabundnum eða varanlegum skerðingum sem getur í sumum tilvikum leitt til fötlunar. Flestir sem greinast eru á aldrinum 20-40 ára og þess vegna er hann oft kallaður sjúkdómur unga fólksins. Vegna bættra greiningaraðferða og aukinnar þekkingar er í auknum mæli verið að greina fólk fyrr á lífsleiðinni, allt niður í barnsaldur.

Markmið MS-félagsins er að vinna að velferð þeirra sem haldnir eru MS-sjúkdómnum með því veita þeim og aðstandendum þeirra aðstoð og stuðla að öflugri félags- og fræðslustarfsemi auk þess að vera málsvari félagsmanna. Með aðstoð þinni vonumst við til að geta sinnt því hlutverki okkar betur og auka þannig velferð einstaklinga, þar á meðal barna og ungmenna, með MS-sjúkdóminn.

Með vinsemd og virðingu,



Ingdís Línadal

Framkvæmdastjóri